



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 13. júní 2019

USK2016060080

5.2

Borgarráð

### ***Vogabyggð 2019.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út áframhaldandi framkvæmdir vegna uppbyggingar í Vogabyggð. Um er að ræða framkvæmdir á skipulagssvæði Vogabyggðar 1 og 2. Framkvæmdir felast í því að gera nýjar lóðir byggingarhæfar í samstarfi við Veitur ohf og frágangi umhverfis í takt við uppbyggingarhraða byggðarinnar. Kostnaðaráætlun vegna framkvæmda ársins er 250 mkr.

Greinargerð:

Framkvæmdir í Vogabyggð 1 felast m.a. í frágangi sjóvarnargarðs og landmótun á nýrri landfyllingu. Þá er einnig um að ræða færslu á núverandi Kleppsmýrarvegi og gerð nýrrar tengingar við Kjalarvog.

Framkvæmdir í Vogabyggð 2 eru m.a. framkvæmdir í Súðavogi, Kuggavogi og Trilluvogi ásamt tengingu á Dugguvogi.

Við framkvæmdir í Vogabyggð er gengið út frá notkun á blágrænum ofanvatnslausnum þar sem því er við komið. Með því er m.a. stutt við markmið Reykjavíkurborgar um lágmörkun vistspora í manngerðu umhverfi.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda 2019: 250 mkr.

Kostnaðarstaður 3104

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

